Kötlugos og grafík í fortíð og nútíð

Á Kjarvalsstöðum voru í gær opnaðar tvær sýningar, Grafík í mynd og Katla Rögnu Róbertsdóttur. ANNA SIGRÍÐUR EINARSDÓTTIR ræddi við nokkra listamenn sem að sýningunum koma og skoðaði verk listamanna á borð við Rembrandt og Goya.



Morgunblaðið/Sverrir

Benedikt G. Kristþórsson kveikir í ímyndunarafli áhorfenda með íslenskum veruleika.



Ragna Róbertsdóttir kemur Kötluvikrinum fyrir á einum af veggjum Kjarvalsstaða.



Knut Ormhaug valdi úrval verka gömlu meistaranna til að sýna gestum Kjarvalsstaða.

SÝNINGIN Grafík í mynd skiptist í tvo hluta, innlendan og erlendan. Íslensku verkin eru samtímaverk sem ýmist eru unnin eftir hefðbundnum leiðum eða að reynt er að teygja mörk miðilsins út á ystu nöf með aðstoð nútímatækni.

Erlendi hluti sýningarinnar er hins vegar sögulegur og er hann fenginn að láni frá Listasafninu í Bergen. Verkin eru eftir listamenn á borð við Rembrandt, Goya, Hogarth, DÜrer og Daumier og hafa sjaldan, ef nokkurn tímann áður, verið sýnd hér verk jafn margra þekktra listamanna.

Þróun grafíklistar

Knut Ormhaug kemur frá Listasafninu í Bergen og er sýningarstjóri erlenda hlutans. Hann valdi til sýningar sígild verk nokkurra merkra myndlistarmanna sem óneitanlega hafa sett svip sinn á listasöguna. En þarna eru valdir saman gamlir meistarar á borð við Dürer ásamt þeim Chagall og Gauguin sem standa nútímanum nær.

Tuttugu og níu verk eru á sýningunni, en um 5.000 verk eru í eigu Listasafnsins í Bergen. Verkin sem hér eru valin til sýningar spanna tímabilið frá sextándu öld og til síðustu aldamóta og segist Ormhaug þjóða áhorfandanum upp á ákveðna tímaröð við uppsetningu þeirra. Elstu verkin eru tréristur Dürers. Ætingar Rembrandts og koparstungur enska listamannsins Hogarths skipa þar líka ákveðinn sess, sem og akvatintuverk Goya en hann átti sjálfur þátt í þróun þeirrar aðferðar. Með notkun ólíkra ætingaraðferða tókst Goya nefnilega að ljá verkum sínum sérstök ljósbrigði sem hentuðu viðfangsefnum hans vel. „Verk Goya einkennast bæði af rómantík og ástríðu og hann náði að sveigja miðilinn að sínum þörfum," segir Ormhaug og bætir við að aðrir listamenn hafi síðar nýtt sér aðferðir hans. „Það er töluverður munur verkum sem unnin eru með þessum ólíku aðferðum og allar hafa þær sína kosti og takmarkanir."

Gömul og ný tækni

Listamennirnir Anna Líndal, Benedikt G. Kristþórsson og Sigrid Valtingojer eru í hópi þeirra tólf íslensku listamanna sem sýna ný verk á Grafík í mynd, en einnig er þar að finna verk fjögurra erlendra gesta. Hugtakið grafíklist er hins vegar orðið nokkuð loðið og ekki allir sammála skilgreiningu listformsins því margir miðlar falla nú undir þetta heiti, s.s. tölvugrafík og ljósmyndun. Ekki eru þó nema um tuttugu ár síðan mun strangari skilgreining var notuð á erlendum stórsýningum og grafík sögð byggjast á hefðbundnum aðferðum á borð við tréristu, ætingu og steinþrykk.

Sigrid heldur sig við hefðbundnar aðferðir í sinni vinnu, sem og kennslu, þó hún segist reyndar vera opin fyrir ólíkum tæknimöguleikum. „Það er boðið upp á svo margar aðferðir í dag sem eru bæði einfaldar og fljótlegar. Mér finnst þó nauðsynlegt að þeir sem leggja fyrir sig tölvugrafík hafi hefðbundinn grafíkgrunn til að standa á svo hann gleymist ekki. Því þetta er listgrein sem hefur verið stunduð í mörg hundruð ár," segir Sigrid.

„Menn nota aðrar leiðir núna til að segja það sem segja þarf," segir Benedikt. En tölvu- og ljósmyndir eru hans miðill. „Þessir nýju miðlar eru spennandi og það felast í þeim miklir möguleikar. Þannig veit maður aldrei hvaða ævintýri liggja framundan." Benedikt bætir þó við að hann hafi samt sem áður lært hefðbundna grafíkvinnslu.

Að mati Önnu skiptir flokkun í hefðbundna og óhefðbundna list þó litlu máli. Verkið sjálft skipti hins vegar öllu meira máli. En vinnuaðferðir Önnu byggjast á stafrænni tækni. „Mér hefur alltaf fundist grafíklistin vera í beinu sambandi við prentiðnaðinn. Prentiðnaðurinn hefur síðan þróast og mér finnst þetta vera eðlileg þróun," útskýrir hún.

Á sýningunni Grafík í mynd má einnig sjá verk listamanna á borð við Kristin E. Hrafnsson sem þekktari er fyrir notkun á öðrum miðlum. Sigrid segir þetta vera jákvæðan hlut, enda sjáist vel á sýningunni bæði fjölbreytni og möguleikar miðilsins. „Grafík er ekki lengur handverk og það er spennandi að sjá hér verk listamanna sem ekki vinna venjulega í grafík af því að þeir nota tæknina öðruvísi."

Sjálf valdi Sigrid þrjú verk sem hún vann í sumar en við gerð þeirra fór hún ekki sínar hefðbundnu leiðir þar sem miðillinn væri æting eða trérista. Þess í stað eru verkin einþrykk og segir Sigrid að hún hafi í raun verið að leika sér við gerð þeirra. „Ég reyndi að hreinsa hugann og hugsa ekki um neina tækni, heldur bara um að leika mér með efni og liti. Þetta var því eins konar ævintýraferð fyrir mig, af því að ég vinn yfirleitt eftir ákveðnu „plani"."

Myndir Benedikts á sýningunni eru hins vegar ljósmyndir unnar með tölvutækni og voru þær teknar í nágrenni Kjarvalsstaða. „Þetta eru ljósmyndir sem eru teknar að nætur lagi og ég er að reyna að skyggnast undir yfirborðið," segir Benedikt. En myndirnar kallar hann Íslenskan veruleika. „Ég er að reyna að ýta við ímyndunarafli fólks, þó að það eigi kannski ekki upp á pallborðið hjá póst-módernistum í dag."

Heimsókn er síðan heiti verks Önnu, en þar skoðar hún hvernig fólk nálgast landið. „Ég fór í gengum myndbandsupptökur af okkur fjölskyldunni í sumarfríi og valdi síðan sex myndbrot sem ég stilli saman þannig að þau mynda eina heild. Þetta eru sex myndir sem eru lagðar á hillu," segir Anna og bætir við að hugleiðingin um hilluna tengist þeim örlögum mynda að verða stofustáss.

Að mati Benedikts er hefðbundin grafíkvinnsla nú að bíða lægri hlut fyrir tækninýjungum og segir hann það miður. Anna er þessu ósammála. „Það er leiðinlegt að viðurkenna það, en tískusveiflur gera alltaf vart við sig og grafíkin hefur farið í gegnum margar slíkar. Eina stundina eru allir að vinna við ætingu og hina steinþrykk," segir hún. „Og mér hefur ekki fundist neinn styrkur í því að hafna nútímanum."

Myndin greypt í hugann

Sýning Rögnu Róbertsdóttir er af öðrum toga en þær grafíkmyndir sem sjá má annars staðar í safninu. En Ragna sýnir Kötlu, verk í þremur hlutum sem er ein heild. Kötluvikur skreytir þar langvegg, tvö glerverk aðra veggi á meðan fyrir utan safnið breiðir Mýrdalssandurinn úr sér.

„Þetta er mín mynd af þessu," segir Ragna og á við gosið, jökulhlaupið og sandinn. En hún hefur unnið mikið úr vikri undanfarin fimm ár. Áður vann hún úr söguðum hraunkubbum og segist hún hafa verið orðin þreytt á þyngslum efnisins sem sé mun léttara í fomi vikurs.

Ragna segir vikurinn hafa heillað sig lengi. Hún hafi haft hann fyrir augunum alls staðar og hafi horft á hann síðan hún var krakki, en auk þess hefur hún eytt töluverðum tíma uppi við Heklu. „Ég mála eiginlega með efninu sjálfu í staðin fyrir að nota pensil," segir hún um sína vinnuaðferð. En Ragna hefur sýnt töluvert erlendis og fengið góð viðbrögð við verkum sínum þar, sem og hér heima þar sem fólk sýnir vikrinum ekki minni áhuga.

Verk Rögnu eru yfirleitt sköpuð út frá því rými sem hún vinnur með. Þetta á líka við Kötlu á Kjarvalsstöðum og segist Ragna hafa fengið ýmsar hugmyndir áður en Katla varð að veruleika. „Ég fékk hugmyndina eiginlega í sumar þegar ég var uppi á Mýrdalssandi. Ég var í tjaldi úti á sandi þarna í auðninni og þetta var svo stórkostlegt allt saman. Veðrið var gott þannig að ég sá jökulinn og þessi mynd greyptist inn í huga minn."